

LEIÐBEININGAR TIL HÖFUNDA FRÆDSLUGREINA

Inngangur

Eftirfarandi pistill fjallar um ritun fræðslugreina í Tímariti hjúkrunarfræðinga. Leiðbeiningar þessar eru að miklu leyti almenns eðlis og má einnig hafa til hliðsjónar við önnur greinaskrif. Tímarit hjúkrunarfræðinga leggur áherslu á vönduð skrif hvort sem um er að ræða stutta pistla, fréttagreinar, viðtöl, klínískar greinar, ritrýndar fræðigreinar eða fræðslugreinar. Ritaðar hafa verið samsvarandi leiðbeiningar um ritrýndar fræðigreinar, en þær fjalla einkum um uppbyggingu slíkra greina og fjalla einnig ýtarlega um heimildanotkun.

Fræðslugrein

Munurinn á ritrýndri fræðigreini og fræðslugreini er fyrst og fremst sá að ritrýnd grein er vísinda- eða þekkingargrein en fræðslugrein er hugsuð til fræðslu (kennslu eða upplýsingar). Ritrýnd grein fjallar um eigin gagnasöfnun og annarra en fræðslugrein fjallar aðallega um hvernig hægt er að hagnýta þekkingu sem menn hafa aflað sér.

Ekki er óalgengt að fræðslugrein byggist á skólaverkefni, til dæmis í meistara- eða diplómanámi. Slíkar verkefnisskýrslur þurfa að uppfylla aðrar form- og innihaldskröfur en fræðslugreinar og markhópurinn er annar. Oft þarf höfundurinn að byrja á að breyta um hugarfar áður en hann breytir skólaverkefninu í fræðslugrein. Fræðslugreinin er lesendum tímaritsins til fræðslu og fróðleiks. Huga þarf vel að málfari hennar og stíl. Uppskrúfaður fræðimannastíll eða málfar, sem einkennist af torskildum fagorðum, á ekki við. Vönduð og skýr framsetning eru höfuðatriði en ekki síður frumleiki í umfjöllun og efnistöfum.

Fræðslugreinar fjalla um margvísleg viðfangsefni hjúkrunar. Þær ættu að endurspeglar fjölbreytt viðfangsefni hjúkrunarfræðinga, menningarlegan margbreytileika í hjúkrun og þróun hjúkrunar. Fræðslugreinin getur byggst á fræðilegum heimildum, þekkingu, reynslu eða athugunum höfunda(r). Ef stuðst er við heimildir skal þeirra að sjálfsögðu getið í samræmi við reglur Tímarits hjúkrunarfræðinga sem er að finna í leiðbeiningum til höfunda ritrýndra fræðigreina.

Uppbygging greinar

Í meginatriðum á góð fræðslugrein að hafa: **Fyrirsögn** sem vekur forvitni og áhuga. **Inngang** sem setur lesandann vel inn í efni greinarinnar og viðheldur áhuga hans. **Meginmál** með dæmum og/eða rökstuðningi. Sömuleiðis verður að huga að því að textinn renni vel og það lofti vel um efnið en það er best tryggt með **millifyrirsögnum**. **Lokaorðin** eiga að draga fram niðurstöður eða a.m.k. það markverðasta úr meginmálinu. Þau eiga líka að haldast í hendur við fyrirsögn og inngang. **Töflur og myndir** eiga að vera á viðeigandi stöðum og vera í góðu samhengi við textann. Þær eru ekki til skrauts heldur til að styðja og/eða auka við innihald greinarinnar.

Til að vel takist til við ritun greinarinnar þarf höfundurinn að skoða eftirfarandi atriði eða spurningar gaumgæfilega: **Efni**; um hvað á greinin að vera? **Markmið**; hvað á greinin að leiða í ljós? **Lesendur**; fyrir hverja á að skrifa? Við ritun fræðslugreina ætti höfundur að hafa það að leiðarljósi að allir þeir sem hafa áhuga á efninu geti lesið greinina sér til fróðleiks og skemmtunar.

Helstu þættir, sem stuðla að skýrri og vandaðri framsetningu fræðslugreinar, eru:

- Grípandi fyrirsögn
- Skýr inngangur
- Skýr efnisyrding
- Meginmál með skýrum kjarna
- Vandað málfar
- Góð bygging
- Skýrandi eða fræðandi millifyrirsagnir
- Útskýringar og fróðleikur
- Lifandi eða nærtæk dæmi
- Vandaðar töflur eða myndir
- Vönduð lokaorð
- Rétt notkun heimilda og heimildaskrá

Sjá einnig kaflann Frágangur handrits hér á eftir ásamt gátlista sem er gagnlegt að renna yfir áður en greininni er skilað.

Grípandi fyrirsögn: Það er einkum tvennt sem ber að hafa í huga í þessu sambandi:

- a) Fyrirsögnin ætti að vekja athygli og forvitni lesenda.
- b) Fyrirsögnin ætti að upplýsa um innihald.

Skýr inngangur: Inngangurinn er framhald fyrirsagnarinnar. Hann á að upplýsa lesendur um innihald greinarinnar og vekja áhuga á því. Til að vekja áhuga lesenda getur verið gott að:

- Setja fram athyglisverðar upplýsingar sem tengjast efni greinarinnar
- Draga fram það úr efninu sem getur talist vandamál sem krefst lausnar
- Vísa til nýlegs atviks sem tengist efni greinarinnar og lesendur ættu að þekkja; t.d. úr fréttum
- Benda á sögulegt dæmi sem tengist efninu
- Vísa til reynslu lesenda í sambandi við efnið; einhvers sem er þeim nærtækt eða má gera ráð fyrir að þeir hafi kynnst af eigin raun
- Tengja efnið við væntingar eða vilja lesenda
- Vekja samúð eða samkennd með málstaðnum
- Vera persónulegur fremur en kaldur og fráhrindandi; koma fram sem sanngjarn, heiðarlegur og velviljaður einstaklingur

Inngangurinn á ekki að vera upptalning á öllum efnisatriðum greinarinnar (það er hægt að gefa slíkt yfirlit í millifyrirsögnunum). Inngangurinn á þó að vera kynning á efni greinarinnar og fyrirætlunum höfundar. Ljúka skal inngangi á efnisyrdingu.

Skýr efnisyrding: Efnisyrdingin er stutt en hnitmiðuð yfirlýsing um það hvaða markmið höfundurinn setur sér með skrifunum. Með henni afmarkar hann efnið. Efnisyrdingin er sett fram í lok inngangs.

Efnisyrdinguna má setja fram hvort sem er í formi spurningar eða fullyrðingar. Það verður þó alltaf að hafa í huga að hún nái vel utan um meginefni greinarinnar. Meginmálið verður þá annað hvort svar eða svör ef efnisyrdingin er spurning eða spurningar, eða rök og dæmi sem styðja efnisyrdinguna ef hún er sett fram sem fullyrðing eða fullyrðingar.

Velheppnuð efnisyrding er í góðum tengslum við fyrirsögn og inngang. Hún ætti ekkert síður en fyrrgreindar byggingareiningar að vekja athygli og áhuga lesenda. Í þessu sambandi er gott að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- a) Sýna nýja hlið á málinu
- b) Vekja ferskar spurningar
- c) Vera ögrandi

d) Gefa markmið höfundar til kynna; hver verður rauði þráðurinn í greininni. e) Gæta þess að efnisyfningin sé ekki síður í góðu samræmi við framhald greinarinnar en það sem á undan er komið.

Meginmál með skýrum kjarna: Meginmálið er, eins og heiti byggingareiningarinnar bendir til, aðalefni greinarinnar. Í meginmáli er spurningum svarað og fullyrðingar rökstuddar auk þess sem dæmi eru gefin og það sem þarfnast nánari útskýringar er skýrt.

Meginmálið þarf að vera í góðu samhengi við það sem á undan er komið. Sérstaklega þarf að gæta þess að svara spurningum sem kunna að hafa verið settar fram í inngangi eða efnisyfningunni sjálfri. Eins þarf að gæta þess að rökstyðja, útskýra og nefna dæmi til stuðnings þeim fullyrðingum sem koma fram í greininni.

Við ritun greinarinnar, meginmálsins einkanlega, þarf höfundur að ákveða hvaða framsetning hentar best lesendum annars vegar og efninu hins vegar. Val á framsetningu fer eftir efni og markmiði en ekki síst því hvaða mynd höfundur gerir sér af óskum eða þörfum lesenda sinna.

Það eru einkum eftirtaldar þrjár leiðir sem stuðst er við í öllum greinaskrifum:

A) Höfundur er hlutlægur. Hann lýsir og segir frá án þess að blanda eigin mati inn í skrifin. (Þetta er ríkjandi í fræðigreinum.)

B) Höfundur tekur afstöðu. Hann vegur og metur kosti og galla, orsakir og afleiðingar, hæfni, not o.s.frv. (Þetta hentar vel við ritun fræðslugreina.)

C) Höfundur er huglægur. Hann er frjálslægur og fer ekki djúpt í efnið heldur reynir að sjá skemmtilega eða nýstárlega fleti á því. (Þetta er áberandi í blaðagreinum sem falla ekki undir fréttir eða stjórn málaumræður.)

Rétt er að taka fram að það getur líka farið vel á því að blanda þessum aðferðum eitthvað saman. Þó er rétt að hafa í huga hvaða leið sem valin er að skýr framsetning er undirstaða þess að ná góðum árangri. Hér er einkum átt við málfar og byggingu.

Vandað málfar: Við ritun fræðslugreina er sjálfsagt að forðast torskilin fagorð. Ef óhjákvæmilegt reynist að styðjast við slík orð fer vel á að skýra þau í sviga eða neðanmálsgreinum. Stofnanamál og klisjur ætti ávallt að forðast. Notkun slíkra orða gera greinina ópersónulega. Höfundurinn verður kuldalegur og fjarlægur. Í fræðslugrein er miklu

æskilegra að höfundur virðist sanngjarn og heiðarlegur einstaklingur sem hefur vilja, þekkingu og síðast en ekki síst orðaforða til að upplýsa lesandann um efni greinarinnar. Því er farsælast að velja kjarngott og skiljanlegt málfar. Fagorð og hugtök í hjúkrunarfræði eru oft þýdd úr erlendu máli, sérstaklega úr ensku. Hér þarf höfundur að stíga varlega til jarðar. Þetta á einnig við þegar vitnað er í skrif enskumælandi höfunda. Það er ekki alltaf hægt að nota sama íslenska orðið til þýðingar á ákveðnu ensku orði.

Góð bygging: Til þess að bygging greinarinnar sé góð þarf að huga vel að skýrum skilum milli grunneininganna: inngangs, meginmáls og lokaorða. Það má þó ekki gleymast að samhengið á milli þessara þátta þarf ekki síður að vera gott. Byggingu og lengd málsgreina og efnisgreina þarf ekki síður að vanda sem og samhengið á milli þeirra.

Gæta verður þess að málsgreinar séu ekki of langar eða flóknar. Rétt er að forðast of margar samtengingar en nota í þeirra stað greinarmerki. Höfundur á ekki að hika við að nota punkta í staðinn fyrir kommur og hefja þannig nýja málsgrein. Stuttar málsgreinar hjálpa manni að forðast torskilið mál. Til þess að átta sig á eigin skrifum getur verið heppilegt að athuga orðafjölda í málsgreinunum á nokkrum stöðum í handritinu. Málsgreinar í virtum tímaritum eins og New Scientist og The Economist eru að meðaltali 16-19 orð. Ef meðaltalið fer hins vegar mikið niður fyrir 16 er hætt við að textinn verði rykkjóttur. Mælt er með að orðafjöldinn í hverri málsgrein fari ekki yfir 23 orð.

Það þarf líka að gæta þess að skipta textanum niður í hæfilega langar efnisgreinar. Hver efnisgrein ætti helst að fjalla um eina hugmynd. Kjarni hverrar efnisgreinar á að blasa við, helst þannig að hægt sé að lýsa innihaldi hennar í örfáum orðum.

Bygging greinarinnar verður enn traustari ef efnisröðun er skynsamleg og kaflaskipting skipuleg. Þannig loftar um efnið og það verður aðgengilegra um leið. Við þessa skiptingu þarf að gæta að skipulagi og því að samræmi ríki í lengd kaflanna. Hver kafli ætti að fjalla um eitt efnisatriði. Þannig er líka auðveldara að finna á hann heiti eða setja á hann millifyrirsögn. Til að textinn renni vel verður að huga vel að samhengi á milli allra þessa þátta. Málfarið skiptir líka máli í þessu samhengi.

Skýrar millifyrirsagnir: Millifyrirsagnir þjóna ekki síst þeim tilgangi að gera greinina aðgengilegri fyrir lesendur. Ef vel tekst til gefa millifyrirsagnirnar gott yfirlit yfir efni greinarinnar og efnistöð. Við val á millifyrirsögn gildir það sama og við val á heiti greinarinnar. Millifyrirsagnir þurfa ekki síður að kynna innihald og vekja áhuga. Vel valdar

millifyrirsagnir gefa lesendum góða hugmynd um byggingu greinarinnar og auðvelda honum að átta sig á innihaldi hennar.

Útskýra og fræða: Nauðsynlegt er að gera sér góða grein fyrir því hverjir lesendurnir eru. Þá er gott að spyrja sig eftirfarandi spurninga:

- 1) Hvað vekur áhuga lesenda?
- 2) Hvernig snertir efnið þá?
- 3) Hvað vita þeir um efnið?
- 4) Hvað þurfa þeir að vita frekar?

Við ritun fræðslugreina þarf að hafa í huga að æskilegt er að fleiri en sérfræðingar geti lesið greinina sér til gagns og gamans. Höfundur þarf að taka mið af því í sambandi við útskýringar á efninu ekki síður en við rökstuðning sinn.

Lifandi eða nærtæk dæmi: Það er alltaf gott að nota lifandi eða nærtæk dæmi til útskýringar. Það er erfitt að ímynda sér efni sem lifnar ekki við með góðri dæmisögu eða myndrænni lýsingu. Orðafjöldi í málsgreinum í þessum undirkafla er að meðaltali 14,1. Stysta málsgreinin er 8 orð og sú lengsta 21 orð. Þessi atriði skipta miklu máli í því að færa efni greinarinnar nær lesendum. Nýstárleg samlíking eða persónuleg saga þjóna sama tilgangi ásamt myndum og töflum.

Lesendur kunna vel að meta þegar:

- a) Það sem þeir þekkja ekki er sett í samhengi við það sem þeir þekkja
- b) Það sem er flókið er útskýrt með því að vísa í það sem er einfaldara
- c) Það sem er fjarlægt er tengt því sem er nálægt
- d) Það óáþreifanlega er gert áþreifanlegt
- e) Lögmál eru rakin til nærtækra dæma

Vandaðar töflur og myndir: Rétt að taka fram að hvorki töflur né myndir eru nauðsynlegar til að grein geti talist góð og vel heppnuð. Hins vegar geta þessi atriði átt sinn þátt í því að útskýra efnið fyrir lesendum og færa nær þeim það sem er þeim fjarlægt eða þeir þekkja ekki

af eigin raun. Myndir og töflur ættu þó aldrei að koma í stað útskýringa eða dæma í texta heldur að styðja efni greinarinnar.

Vandaðar og skýrar töflur eða súlu- og skífurit geta mikið auðveldað lesendum skilning á tölulegum upplýsingum. En huga verður að því að töflurnar bæti einhverju við textann og séu aðgengilegar ekki síður en að þær séu auðskiljanlegar. Auk þess þarf að gæta þess að töflurnar séu á viðeigandi stað í textanum. Hver tafla þarf að hafa númer og titil fyrir ofan töfluna. Ef myndir eru hafðar með greininni þurfa þær að vera skýrar. Sömuleiðis þarf að gæta þess að þær tengist efni greinarinnar vel. Hver mynd þarf að hafa númer og titil undir mynd. Töflur og myndir eru settar aftast í handrit en merkt við í texta hvar þær eiga að birtast, sjá dæmi að neðan.

<mynd/tafla 1 komi u.þ.b. hér>

Hönnuður tímaritsins ákveður í samráði við ritstjóra endanlega staðsetningu töflu og myndar og fer það eftir ýmsu. Eins er farið með ljósmyndir. Þegar talað er um myndir hér að ofan er átt við skýringarmyndir (súlurit og svo framvegis) en um ljósmyndir er fjallað í kafla um frágang.

Vönduð lokaorð: Greinin þarf að hafa vandaðan endi. Við ritun lokaorðanna þarf að gæta að því að góð tengsl séu á milli þeirra og inngangsins ekki síður en að þau séu í eðlilegu framhaldi af meginmálinu.

Við ritun lokaorðanna eru einkum farnar tvær leiðir:

- A) Stutt samantekt á því mikilvægasta sem sett hefur verið fram í greininni.
- B) Sett er fram niðurstaða sem byggist á því sem hefur verið fjallað um í meginmálinu.

Við ritun lokaorðanna þarf höfundurinn að huga vel að markmiðunum með skrifum sínum. Hann þarf að draga saman helstu atriði greinarinnar og leggja áherslu á það sem er merkilegast og um leið áhugaverðast, með öðrum orðum það sem hann ætlast til að lesendur muni eftir. Lokaorðin ættu að vera áhrifarík og um leið eftirminnileg því þannig er líklegra að greinin hafi þau áhrif sem höfundurinn ætlaði sér.

Heimildanotkun

Oftast er nauðsynlegt að nota tilvísanir og heimildir en sjaldan í sama mæli og í ritrýndum fræðigreinum. Ef verið er að breyta fræðilegu efni, til dæmis meistararitgerð, í fræðslugrein þarf að huga að mismunandi tilgangi fræðslu- og fræðigreina. Sjá umfjöllun um þetta í kaflanum um fræðslugreinar rétt á eftir inngangi. Almennt skal leitast við að draga úr heimildum eins og kostur er. Til dæmis getur í fræðigreini þurft að styðja fullyrðingu með tilvísun en það á ekki endilega við í fræðslugreini. Hér á eftir fer ýkt dæmi: Á Íslandi var íbúafjöldi 1. desember 2008 319.756 (Hagstofa Íslands, 2008).

Markmiðið í fræðslugreini er að léttu textann eins og kostur er án þess að torvelda lesandanum að afla sér frekari upplýsinga um efnið. Í fræðigreinum eru tilvísanir oft notaðar til þess að sýna fram á að höfundur hafi nægilegan þekkingargrunn til þess að framkvæma ákveðna rannsókn. Í fræðslugreini getur verið nóg að vísa í einn höfund, að jafnaði nýjustu eða bestu heimildina um efnið, og láta lesandanum eftir að leita fleiri heimilda ef þörf er á. Varðandi ritun tilvísana og heimilda er vísað í reglur Tímarits hjúkrunarfræðinga og er þær að finna í leiðbeiningum til höfunda ritrýndra fræðigreina.

Frágangur

Ekki er krafist sérstakrar uppsetningar á handritinu. Tölvutæknin gerir það einfalt fyrir ritstjóra að ganga frá handritinu fyrir umbrot. Höfundur getur hins vegar hjálpað til með að hafa skjalið eins einfalt og hægt er. Forsíða er óþarfi. Best er að byrja með nafni höfundar, rita síðan fyrirsögn og inngang. Forðast ber að nota síðuskil, section breaks og þess háttar. Notið eins fáar stíltegundir og hægt er fyrir fyrirsagnir og þess háttar.

Það er stefna ritstjórnar að forðast skammstafanir eins og hægt er. Ástæðan er aðallega fagurfræðileg. Nokkrar algengar skammstafanir eru samt notaðar, eins og km (án punkts) fyrir kílómetra ásamt öðrum skammstöfunum í SI-kerfinu, sl. fyrir síðastliðinn og o.fl. í tilvitnunum og heimildaskrá. Áður en handrit er sent inn þarf að lesa það vel yfir. Gott er að fá einhvern sem þekkir ekki til efnis handrítisins að lesa það með tilliti til þess hvort textinn er læsilegur og skýr. Einnig þarf að láta líta á íslenskuna.

Í lokin er rétt að láta Word sýna orðabil og fleiri tákni (það er gert með því að smella á ¶-hnappinn) og hreinsa út óþörf orðabil og þess háttar. Margir hafa lært í vélritun að hafa tvö orðabil eftir punkti en það er ekki gert í Tímariti hjúkrunarfræðinga. Skýringarmyndir og töflur eiga að koma aftast í handriti en merkja á við í handriti hvar þær eiga að birtast eins og

fyrir segir. Þær eiga að vera þannig gerðar að hægt sé að breyta texta innan þeirra. Gæta þarf að því þegar slík gögn eru flutt úr til dæmis Excel í Word að þau séu ekki vistuð sem óbreytanlega mynd. Mynd- og töfluheiti eiga ekki að vera inni í myndum ogtöflum heldur fyrir neðan myndir og fyrir ofan töflur.

Ljósmyndir og skýringarmyndir unnar í myndvinnsluforritum á ekki að setja inn í handrit heldur senda sérstaklega. Þær eiga að vera af mestu mögulegu gæðum. Myndir, sem hafa verið settar inn í Word-skjal, eru sjaldan birtingarhæfar og þyngja auk þess skjalið að óþörfu. Gott er að hafa skrá yfir heiti ljósmynda ásamt myndatextum fremst í handritinu.

Fræðslugreinar í Tímariti hjúkrunarfræðinga eru oftast með mynd og lýsingu á höfundum á fyrstu blaðsíðu greinarinnar. Senda þarf þess vegna inn myndir af höfundum og lýsingar á þeim. Ekki er nauðsynlegt að gera það fyrir en greinin hefur verið samþykkt til birtingar.

Ritstjórnarferlið

Innsent handrit er aldrei tilbúið til prentunar, ekki einu sinni þegar þessum leiðbeiningum hefur verið fylgt til hlítar. Höfundur verður því að gera ráð fyrir að breyta handritinu í samráði við ritstjóra. Þetta getur tekið allt frá nokkrum vikum upp í marga mánuði. Oft er handritið sent í yfirllestur hjá þriðja aðila. Ritstjóri tekur endanlega ákvörðun um fyrirsögn, ritstjórnarinnangang og textabox, yfirleitt í samráði við höfund. Þegar handritið er frágengið er það sent í yfirllestur hjá íslenskufraeðingi og höfundur fær svo tækifæri til þess að taka afstöðu til breytinga og athugasemda hans. Ef tími vinnst til fær höfundur einnig tækifæri til þess að fara yfir greinina uppsetta í tímaritinu.

Lokaorð

Það er mikið verk að skrifa fræðslugrein en höfundur er ekki einn á ferð. Hér hefur verið farið yfir helstu þætti sem huga þarf að þegar skrifuð er fræðslugrein fyrir Tímarit hjúkrunarfræðinga. Það er von ritstjóra að þessar leiðbeiningar séu hjálplegar. Höfundum er velkomið að leita til ritstjóra hvenær sem er frá því að ákveðið er að skrifa grein þangað til handrit er sent inn. Vinna við greinina heldur svo áfram þangað til að hún er birt.

Gátlisti

Þennan lista er gagnlegt að hafa til hliðsjónar við yfirllestur greinarinnar í lokin.

- Vekur fyrirsögnin áhuga/forvitni?
- Kynnir inngangurinn efnið og vekur áhuga?
- Er markmiðið/efnisyrðingin skýr?
- Er tónninn/stíllinn vel valinn?
- Einkennist málfarið af klisjum eða óljósu orðalagi?
- Eru málsgreinar þjálur og hæfilega langar?
- Er eðlilegt jafnvægi í lengd efnisgreina annars vegar og kafla hins vegar?
- Er samhengi á milli allra þátta gott?
- Er bygging greinarinnar nógu traust?
- Eru millifyrirsagnirnar skýrar og áhugaverðar?
- Er efnið hæfilega útskýrt í meginmálinu?
- Eru dæmin viðeigandi og nægilega áþreifanleg?
- Eru rökin sannfærandi?
- Eru lausir endar í rökstuðningi?
- Mætti sleppa einhverju eða er einhverju ofaukið?
- Eru töflur og myndir til að skýra það sem erfitt er að skýra án þeirra og eru þær í góðu samhengi við textann?
- Er niðurstaðan greinileg?
- Eru lokaorðin ákveðin og eftirminnileg?
- Er samræmi milli tilvísana og heimilda í heimildaskrá?

Ítarefni:

Einar Guðmundsson og Júlíus K. Björnsson (1995) Handbók Sálfræðiritisins. Reykjavík: Sálfræðingafélag Íslands.

Gísli Skúlason (2008) Hagnýt skrif. Kennslubók í ritun. Reykjavík: Mál og menning.

Northedge, A. (2005) The Good Study Guide. Milton Keynes: The Open University.

Reinecker, L., Jørgensen, P. S. og Gandil, M. (2008) Skriv en artikel. Om videnskabelige, faglige og formidlende artikler. Kaupmannahöfn?: Forlaget Samfundslitteratur.

Þetta skjal er hluti af ritstjórnarstefnu Tímarits hjúkrunarfræðinga. Aðrir hlutar eru:

Almenn stefna

Auglýsingastefna

Leiðbeiningar til höfunda ritrýndra fræðigreina